

Alþingi
Erindi nr. Þ/35/2835
komudagur 20.5.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2008 02-2008040837
T-ums 22/08


Framhaldsumsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - 515. mál - aðgerðir í tengslum við kjarasamninga.

Með tölvubréfi frá Efnahags- og skattanefnd, dags. í dag, óskar Ögmundur Jónasson, nefndarmaður, eftir því að ríkisskattstjóri gefi álit sitt á breytingum þeim sem nefndin leggur til við frumvarpið, einkum því sem snýr að skattalegri meðferð gengisbreytinga.

Því er til að svara að ríkisskattstjóri telur breytingatillögur þær sem fram eru komnar nauðsynlegar til að samræmis verði gætt í skattlagningu bæði hvað varðar tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt og staðgreiðslu hans, svo og á skattlagningu kaupskipaútgerðar. Varðandi breytingar á gildisákvæði b-liðar 1. gr. og 3. gr. að flýta þeim þannig að þær nái yfir gengisbreytingar á árinu 2007 telur ríkisskattstjóri að um pólitíska ákvörðun sé að ræða sem embættið tjáir sig ekki um. Ríkisskattstjóri sér ekki fram á framkvæmdaerfiðleika vegna þess þar sem undirbúningur að álagningu einstaklinga sem og fyrir lögaðila er ekki lokið.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar Þ. Rögnvaldsson


Guðmundur Guðbjarnason